



Framkvæmda- fréttir 21. tbl. / 11

Vegagerðin, viðhorfskönnun sumar 2011

Áður birt á vegagerdin.is 14.10.2011

Það fjölgar nokkuð í hópi þeirra sem eru jákvæðir í garð Vegagerðarinnar samkvæmt viðhorfskönnun sem Maskína hefur unnið fyrir Vegagerðina. Könnun sem þessi er gerð tvisvar á ári, sumar og vetur. Þeim fjölgar sem eru jákvæðir og þeim neikvæðu fækkar; einnig þeim sem segjast vera hvorki jákvæðir né neikvæðir.

Sama á við um allar spurningarnar í sumarkönnuninni. Fleiri telja nú þjóðvegina mjög góða eða frekar góða en í síðustu könnun. Töluvert fleiri eru nú ánægðir með kantstíkur og yfirborðsmerkingar á þjóðvegum. Og sama á við um merkingar vegna vegaframkvæmda.

Þegar spurt er hvað megi bæta segjast flestir vilja breikka vegina eða auka bundið slitlag. Þó fækkar í þessum hópum frá síðustu könnun. Færri vilja slétta vegi eða bæta málun á bundnu slitlagi en hóparnir eru álíka stórir og í vetrarkönnuninni.


Vardandi merkingar við vegaframkvæmdir vilja flestir sjá að merkingar komi fyrir, að þær séu skýrari eða að það séu fleiri merkingar.

Flestir þeirra sem hafa leitað upplýsinga hjá Vegagerðinni hafa gert það í gegnum heimasíðuna eða nærri 90 prósent. Færri hafa notað textavarp, síma og enn færri tölvupóst.



Sjá viðhorfskönnunina í heild:
vegagerdin.is
 - Upplýsingar og útgáfa
 - Viðhorfskannanir

Fleiri vegfarendur eru nú sáttir við merkingar vinnusvæða samkvæmt viðhorfskönnun.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 19. árg. nr. 577 31. okt. 2011



Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
 Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
 Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
 eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.


Sp.2. Finnst þér þjóðvegir á Íslandi almennt vera góðir eða slæmir?

	Fjöldi	%
Mjög góðir	22	2,6
Frekar góðir	378	44,8
Hvorki góðir né slæmir	225	26,6
Frekar slæmir	186	22,1
Mjög slæmir	33	3,9
Gild svör	844	100,0




Sp.3. Hvað að eftirtöldum fimm atriðum viltu helst bæta á þjóðvegum landsins?

	Fjöldi	%
Breikka vegi	389	46,6
Auka við bundið slitlag	217	26,0
Slétta vegi	104	12,5
Fækka einbreiðum	17	2,1
Fjölga viðvörðunarkerkjum	17	2,0
Bæta málun á bundnu slitlagi	14	1,7
Annað*	76	9,1
Gild svör	834	100,0



*Flokknum „Fækka einbreiðum“ var bætt við eftirköðun.





Tæplega 47% vilja helst breikka vegi, 26% helst slétta vegi og 12-13% helst auka við bundið slitlag.

Á næstu síðu sést að marktækur munur er milli flestra hópa. Þannig vilja t.d. konur í meiri mæli breikka vegi en karlar í meiri mæli slétta þá. Yngra fólk vill frekar breikka vegi en það eldra bæta við bundið slitlag fremur en þeir yngri vilja. Þau hlutföll sem eru hæst og lægst í hverjum dálki eru feitletruð.

Sp.5. Finnst þér merkingar, þar sem vinna fer fram við vega, vera fullnægjandi eða ófullnægjandi?



	Fjöldi	%
■ Fullnægjandi	509	60,8
■ Hvorki fullnægjandi né ófullnægjandi	124	14,8
■ Ófullnægjandi	204	24,4
Gild svör	837	100,0



Sp.6. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum notað síma, textavarp, tölvupóst, heimasíðu (internet) eða aðra leið til að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni?


	Fjöldi	% svara	% svarenda
■ Heimasíða (internet)	460	42,8	54,1
■ Textavarp	139	12,9	16,4
■ Síma	124	11,6	14,6
■ Tölvupóst	27	2,5	3,2
■ Annað*	3	0,3	0,3
■ Nei ekkert af ofantöldu	321	29,9	37,8
Gild svör	1075	100,0	126,5

*Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika.



*Þróunarmyndin sýnir eingöngu þá sem höfðu samband við Vegagerðina.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Gatnamót Reykjanesbrautar og vegar að Straumsvík eftir gerð undirganga sem eru boðin út í þessu bláði.

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), undirgöng við Straumsvík 11-017

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð undirganga undir Reykjanesbraut við Straumsvík ásamt tilheyrandi vegagerð. Verkið felst einnig í gerð bráðabirgðavegar auk færslu og endurnýjunar á lögnum. Undirgöngin verða 9 m breið og um 23 m löng og unnið verður við alls um 1,7 km af vegum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	9.400 m ³
Skering, fylling og fláafleygar	30.000 m ³
Burðarlag	5.000 m ³
Malbik	14.300 m ²
Ljósastaurar	26 stk.
Steypumót	1.075 m ²
Járnalögn	37.400 kg
Steypa	365 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. október 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. nóvember 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Auglýsing birt áður 12. september 2011. Birt hér að nýju vegna breytinga á dagsetningum opunarfundu

Vaðlaheiðargöng, eftirlit 11-055

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf., óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Vaðlaheiðarganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals.

Jarðgöngin verða um 7,2 km löng í bergi og er breidd þeirra 9,5 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 320 m. Verkið nær enn fremur til lagningar um 4,1 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og gjaldtökukerfis ganganna.


Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1, Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. september 2011. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. nóvember 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnarfundur verður þriðjudaginn 22. nóvember 2011 klukkan 14:15 þar sem lesin verður upp stigagjöf bjóðanda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðanda opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.



Undirgöng undir Reykjanesbraut við Straumsvík

Bræður færa Vegagerðinni bók um föður sinn Kristleif Jónsson vegaverkstjóra

Áður birt á vegagerdin.is 26.10.2011

Þeir bræður Jens S. og Björn Kristleifssynir heimsóttu vegamálastjóra á dögnum og færðu honum bókina *Frá Bjargtöngum að Djúpi* sem er um mannlíf og sögu fyrir vestan. Í bókinni er að finna skrif Jens um föður þeirra sem vann hjá Vegagerðinni alla sína starfstíð.

Hann byrjaði sem kúskur 13 ára gamall árið 1911, flokksstjóri varð hann 1920 og verkstjóri 1930. Hann lét af störfum árið 1968 sjötugur.



Niðurstöður útboða

Vaðlaheiðargöng 11 - 018

Tilboð opnuð 11. október 2011. Jarðgöng milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega. Um er að ræða 9,5 m breið, 7,2 km löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, raf- og stjórnbúnað þeirra, um 320 m langa steinsteypta vegskála og um 4,0 km langa vegi. Áætlaðar magnþölur eru:

Gröftur jarðganga	500.000 m ³
Sprautusteypa	25.000 m ³
Steinsteypa	3.000 m ³
Forskering	100.000 m ³
Fylling	400.000 m ³

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Metrostave / Suðurverk hf. (Ísland - Joint Venture)	10.849.427.276	116,41	996.293
3 Ístak hf. (Ísland)	9.901.752.795	106,21	048.618
2 Norðurverk ehf. (Ísland-Samstarfshópur)	9.488.706.534	101,8	635.572
--- Áætlaður verktakakostnaður	9.323.350.000	100,0	470.216
1 IAV hf. / Marti (Ísland - Joint Venture)	8.853.134.474	95,0	0

Vel fór á með þeim félögum þegar þeir skoðuðu verkið en greinina prýðir mikill fjöldi mynda. Kristleifur vann mestmagnis á Vesturlandi og Vestfjörðum. Hann átti einnig hugmyndina að því að reisa vörðu í mannsmynd upp á Kleifum og var vel tekið í hana. Niðurstaðan var svo smíði Kleifabúans sem prýðir ekki bara umhverfi sitt heldur á Kleifabúinn sína eigin facebook síðu. Það var Vestfirski forlagið sem gaf bókina út árið 2010.

Volvo vörubíll Vegagerðarinnar 50 ára - sýndur eftir endunýjun

Áður birt á vegagerdin.is 18.10.2011

Volvo L485 vörubíll, árgerð 1961, var í heiðursæti þegar Brimborg kynnti á dögnum nýjasta Volvo vörubíllinn sem heitir FMX 8x4RT en það er 50 ára aldursmundur á þeim. Vegminjasafn Vegagerðarinnar hefur látið gera gamla bíllinn upp og hefur vel tekist til hjá Erlendi Egilssyni við endurgerðina.

Vörubíllinn er einn af þremur sams konar bílum sem Vegagerðin átti og voru oft kallaðir „langferðabílar“. Þeir voru iðulega saman í ferðum, til dæmis þegar flytja þurftu brúa- og

vegavinnuflokka á nýjan vinnustað, eða flytja brúarbita og annað byggingarefni. Þessir vörubílar voru því mjög áberandi á vegum landsins í um tvo áratugi, eða eins konar andlit Vegagerðarinnar.

Þessi bíll kom til landsins 25. maí 1961, fyrstur bíllanna þriggja og var hann skráður daginn eftir á skráningarnúmerið R-7276 (bílstjóri Baldur Kristensen) og hélt því númeri alla tíð síðan. Hinir tveir voru með skráningarnúmerin R-7277 (bílstjóri Hjalti Sigfússon) og R-7278 (bílstjóri Gunnlaugur Jónsson) og þjónuðu þeir allir Vegagerðinni vel og lengi, en þessi lengst, eða allt til ársins 1981 og var ekið yfir 2 milljónir km.

„Langferðabílar“ voru mikil og merkileg tæki á sínum tíma og mörkuðu tímamót í sögu flutninga hjá Vegagerðinni. Á þá voru smíðaðir langir fastir pallar með rúllum aftast vegna vinnuskúraflutninga og voru þeir án sturtubúnaðar. Aftan við húsið var öflugur þriggja tonna krani. Á framstúðara var smíðuð breið grind með stólum yst til þess að halda steypustyrktarjárninu, sem auk þess að standa aftur af pallinum, var látið ganga fram af honum og meðfram öikumannshúsinu og sitja í þessum stólum og var lengd járnins allt að 12 metrar. Vegna þessa voru sérþentuð mjórri hús en annars voru á þessum bílum, svo járnin kæmst fram með þeim, auk þess sem hurðahúnar voru innfelldir. Loks voru húsin með þaklúgu, svo öikumenn gætu skriðið upp úr þeim, þegar ekki var hægt að opna hurðir vegna steypustyrktarjárnanna. Lengd vörubíllanna var það mikil að Bifreiðaeftirlitið gerði kröfu um að þeir yrðu styttnir og var þá sagað aftan af þöllum. Nú er bíllinn aftur kominn í upphaflega lengd.

Vörubíllinn R-7276 komst í eigu Runólfs Valdimarssonar, Hólmi í Landbroti, Vestur-Skaftafellssýslu, árið 1981 þegar Vegagerðin hætti að nota hann og stóð eftir það á lóð Vélsmiðju Sigurðar Jónssonar hf. í Kópavogi, eða þar til Runólfur gaf Vegminjasafninu hann árið 1998.

Erlendur Egilsson hefur séð um endurgerð vörubílsins, en henni er ekki lokið, því á hann vantar kranann milli vörupalls og húss og grindina á framstúðarann.

Jakob Hálfðanarson



Baldur Kristensen með nýjan Volvo R7276 sem hann átti eftir að aka um tvær milljónir kílómetra. Nú hefur þessi bíll verið gerður upp fyrir minjasafn Vegagerðarinnar.



Hjalti Sigfússon og Gunnlaugur Jónsson (Bóbó) voru bílstjórar á „langferðabílinum“.



Volvo L485 vörubíll, árgerð 1961, R7276, á sýningu hjá Brimborg nú í haust.



„Langferðabíllarnir“ á suðurleið undir Hafnarfjalli. Í þessari ferð voru bílstjórar þeir Guðmundur Sigurjónsson sem enn vinnur hjá Vegagerðinni og Gunnsteinn Kjartansson.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Pverá	2011
11-048 Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	31.10.11	15.11.11
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	15.11.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-049 Djúpvvegur (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni	12.09.11	27.09.11
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-050 Strandavegur (643), brú á Staðará í Steingrímsfirði	08.08.11	30.08.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11

Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-043 Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi Rafal ehf., kt. 611290-1019	30.08.11	11.10.11
11-040 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal, endurbætur Loftorka ehf., kt. 571285-0459	23.08.11	28.09.11

Vegagerðin fær viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi starfsstöðva



Þann 15. september sl. voru veittar umhverfisviðurkenningar Sveitarfélagsins Skagaafjarðar fyrir árið 2011. Vegagerðin á Sauðárkróki fékk viðurkenningu fyrir snyrtilegasta umhverfi stofnunar.



Umhverfisviðurkenning Borgarbyggðar 2011 fyrir snyrtilegustu lóð við atvinnuhúsnæði féll í skaut Vegagerðarinnar í Borgarnesi að þessu sinni. Viðurkenningin var afhent við hátíðlega athöfn í Skallagrímgarði 15. október. Það var formaður umhverfis- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar sem afhenti verðlaunin en þau eru veitt árlega.